

FUNDARGERÐ



Minjastofnun
Íslands

Fundarefni : 22. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis.

Fundartími: 3. júní 2026 kl. 13:00

Fundarstaður: Bókasafn Mosfellsbæjar

Fundarmenn:

F.h. Safnaráðs: Guðný Dóra Gestsdóttir og Guðbrandur Benediktsson

F.h. sveitafélaganna: Auður Dagný Kristinsdóttir og Nikulás Úlfar Másson.

F.h. Minjastofnunar: Henny Hafsteinsdóttir, Drífa Þrastardóttir, Guðrún Harðardóttir og Stefán Pálsson.

Fundarritari: Guðrún Harðardóttir.

- Fundurinn hófst á því að fundarmenn kynntu sig og farið var yfir hvað fram fór á síðasta fundi. Minjavörður fór yfir hvaða mál á svæðinu gætu fallið undir málefni *stórframkvæmdir og menningarlandslag* á minjasvæði Reykjavíkur og nágrennis. Var þar nefnt; Mosfellsheiðarvirkjun, Borgarlínu, Sæbraut í stökk, Sundabraut, Maríuhöfn í Kjósarhreppi og skógrækt við Fossarrétt og Reynivelli.
- Rætt var um sjónlínur og mikilvægi þeirra í borgarlandslagi í samhengi við friðun þeirra í t.d. London og Edinborg. Upp kom tillaga um að Minjaráðið gefi sjónlínunum meiri gaum og söfnum ljósmyndum af þeim. Jákvætt tekið í þá hugmynd.
- Rætt var um að Minjaráðið taki virkari þátt og nýti rödd sína til að varpa ljósi á þann skaða sem orðið getur í borginni og umhverfi hennar ef ekki er horft til framtíðar varðandi varðveislu menningarminja. Í þessu samhengi var mikið rætt um iðnaðarmannviki á Ártúnshöfða, Sæbraut í stökk (Dugguvog 42).
- Lagt var til að Minjaráðið fylgist vel með framvindu mála varðandi Dugguvog 42. Breyting á deiliskipulagi er í umsagnarferli til 24. júní nk. (skiplagsgátt mál nr. 0582/2026) og áhugi er hjá Minjaráðinu að leggja fram umsögn.
- Guðbrandur sýndi okkur verkefni sem Ljósmyndasafn Reykjavíkur lét gera um borg í breytingu (2023) Mátti þar sjá mjög áhugaverðar og upplýsandi ljósmyndir með auga listamanns, hvernig borgin er að mótast.
- Önnur mál sem komu til tals: Steinbær við Mýrargötu 24, Sóttvarnarhúsið Ánanaust 11, Gamla Konukot við Eskihlíð og Laugarvegur 1.

Næsti fundur verður haldin í Viðey 9. september 2026, kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 15:00